



Íbúaráð Vesturbæjar

Svar við erindi íbúaráðs Vesturbæjar um sorphirðu

Á fundi íbúaráðs Vesturbæjar þann 21. ágúst sl. var lögð fram fyrirspurn í fjórtán liðum um sorphirðu. Var samþykkt að óska svara hjá skrifstofu umhverfisgæða, Umhverfis- og skipulagssviði. Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu. Eftirfarandi eru svör skrifstofu umhverfisgæða:

1. *Stefnt hefur verið að því að tunnur við heimili verði tæmdar á 14 daga fresti. Hvenær tekur það gildi og hvenær er þess að vænta að dagatal sorphirðu verði tilbúið?*

Svar: Sorpílát fyrir blandað sorp og matarleifar hafa alltaf verið hirt á 14 daga fresti og ekki tafist. Sorpílát fyrir pappír og plast eru hirt á 21 dags fresti líkt og var fyrir innleiðingu á nýju breyttu hirðukerfi sl. sumar. Stefnt er að því að hirða pappír og plast á 14 daga fresti svo tvískipt ílát nýtist betur og sorpílát rúmist betur í sorpgeymslum. Því markmiði verður hins vegar ekki náð fyrr en nýir sorpbílar bætast í flota sorphirðunnar í apríl nk.

2. *Hvernig hefur upplýsingum um raskanir á framkvæmd sorphirðu (t.a.m. vegna veðurs eða veikinda starfsfólks) verið komið á framfæri við íbúa?*

Svar: Upplýsingar um tafir á sorphirðu eru birtar á vef Reykjavíkurborgar. Settur er upp gulur borða efst á vefsvæðinu „Sorphirða“ sem er uppfærður daglega. Þá hafa verið skrifaðar fréttir á vef Reykjavíkurborgar og sendar tilkynningar til fjölmiðla. Þá eru losunardagsetningar birtar í sorphirðudagatali á vef Reykjavíkurborgar.

3. *Verða uppfærðar tölur um framgang sorphirðu aðgengilegar í rauntíma (hvenær tunnur hafi verið sóttar síðast, og hvenær búast megi við að tunnur verði tæmdar næst), t.a.m. í formi vefgáttar?*

Svar: Reykjavíkurborg birtir á vefsíðu sinni sorphirðudagatal. Þar kemur fram hvenær sorpílát voru losuð síðast og hvenær búast megi við að þau verði losuð næst.



4. *Hvernig verður breytingum á flokkun heimilissorps fylgt eftir? Hér er sér í lagi átt við hvernig unnið verður að því að upplýsa fólk sem býr og starfar í borginni um nýju reglurnar og hvernig fólk verður upplýst um misbrest í flokkun?*

Svar: Í tengslum við breytingarnar hefur verið farið í kynningarátak á nýju flokkunarkerfi. Hluti af því hefur m.a. verið opnun nýs vefsvæðis flokkum.is. Þar geta íbúar flett upp hvernig á að flokka tiltekna hluti sem ekki er augljóst hvar eigi heima. Þegar sorptunnur eru tæmdar athugar starfsfólk sorphirðu hvort rétt hefur verið staðið að flokkun. Í þeim tilvikum þar sem flokkun er ábótavant er sorp ekki hirt og límdur límmiði með skýringu á sorpílát.

5. *Hvernig verður eftirliti með flokkun sorps háttað? Verða hvatar fyrir þau sem flokka vel eða sektir fyrir þau sem flokka illa?*

Svar: Eftirlit með flokkun er í höndum starfsfólks sorphirðunnar og sé úrgangur ekki rétt flokkaður eru sorpílát ekki tæmd. Reykjavíkurborg hefur ekki heimild til þess að sekta íbúa fyrir ranga flokkun. Þeir hvatar sem eru til staðar í dag fyrir aukinni flokkun liggja í því að íbúar sem takmarka blandaðan úrgang greiða lægri sorphirðugjöld heldur en þeir sem gera það ekki.

6. *Hvernig verður upplýsingum um gengi flokkunar sorps miðlað til borgarbúa? Verða gefnar út tölur um hversu mikið hafi farið í hvern flokk og hver gæði flokkunarinnar hafi verið? Hversu títt verða tölurnar uppfærðar, hversu mikil tímaupplausn verður í þeim gögnum (safnað saman í tveggja vikna, mánaða eða árshollum), og verða þær brotnar niður eftir hverfum eða hverfahlutum? Verður í því skyni sett upp upplýsingagátt þar sem íbúar geta fylgst með sögu og núverandi stöðu sorphirðunnar eftir hverfum?*

Svar: Sorpa tekur við þeim úrgangi sem safnað er við heimili á höfuðborgarsvæðinu og hefur yfirsýn um hver gæði endurvinnsluefna eru. Reykjavíkurborg kallar árlega eftir upplýsingum frá Sorpu um magn úrgangs sem safnast í hverjum úrgangsflokki á milli mánaða. Þar að auki hefur Reykjavíkurborg aðgang að upplýsingum um magn eftir úrgangsflokkum brotið niður á póstnúmer í gegnum Úrvinnslusjóð. Ábending um að gera þær upplýsingar aðgengilegar fyrir íbúa verður skoðuð. Á vef Umhverfisstofnunar urgangur.is er hægt að nálgast upplýsingar um magn úrgangs eftir sveitarfélögum og úrgangsflokkum.

Þá er rétt er að benda á að Sorpa stendur árlega fyrir húsasorpsrannsókn þar sem samsetning blandaðs úrgangs frá heimilum og frá rekstraraðilum er brotin niður á úrgangsflokka. Framsetning niðurstaðna hefur verið örlítið breytileg á milli ára en fyrir sum árin hefur verið hægt að sjá hvaða úrgangsflokkar berast í blandaðan úrgang eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar um þá rannsókn má fá á vef Sorpu.

7. *Hver eru formleg markmið grenndarstöðvanna og hafa þau verið endurskoðuð í ljósi breytinga á almennri sorphirðu? Eru þær hugsaðar fyrir umframrusl þegar sérstaklega mikið flokkanlegt sorp fellur til eða eiga þær að þjóna fólki sem annars hefur ekki sérstakar tunnur?*



Svar: Grenndarstöðvar hafa fram að breytingu flokkun og hirðu heimilissorps í Reykjavík sl. sumar haft það hlutverk að taka við flokkuðum pappír, plasti, gleri, textíl og skilagjaldsumbúðum frá íbúum í Reykjavík. Íbúar höfðu val um vera með flokkunarílát við heimili eða nýta grenndarstöðvar.

Með nýlegum breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 var íbúum gert skylt að flokka heimilisúrgang í pappír, plast, matarafganga, gler, málma og textíl. Var sveitarfélögum gert skylt að safna pappír, plasti og matarafgöngum á lóðum íbúðarhúsa en heimilt er að safna gleri, málmum og textíl í nærumhverfi íbúa.

Við endurskoðun og samræmingu á flokkun og hirðu á höfuðborgarsvæðinu var tekin sú ákvörðun að sveitarfélögin reki grenndarstöðvar í um 500 m. fjarlægð frá hverju heimili (loftlínu) þar sem tekið er á móti gleri, málmum og textíl. Auk þess verði hluti grenndarstöðvar, u.þ.b. ein af hverjum fjórum, með gámum fyrir pappír og plast til að taka við tilfallandi umfram magni svo sem um hátíðir eða þegar tafir verða á hirðu. Grenndarstöðvarnar eru ekki ætlaðar fyrir úrgang frá rekstraraðilum.

8. *Hvert er fyrirkomulagið við tæmingu gáma á grenndarstöðvum og er fyrirséð að það breytist nú í kjölfar breytinga á flokkun heimilissorps? Sér í lagi er hér átt við hver sjái um tæmingu gáma, hver sjái um umhirðu grenndarstöðvanna, hvort tæmingu gáma sé sinnt á fastri dagskrá eða eftir þörfum eftir því sem gámar fyllast (og þá hvernig fylgst sé með því), og hvernig eftirfylgni með tæmingu sé sinnt.*

Svar: Hingað til hefur losun á grenndargámum fylgt losunaráætlun sem ræðst af notkun gámanna, sumir þeirra eru losaðir allt að fjórum sinnum í viku. Jafnframt eru þeir losaðir aukalega þegar ábendingar frá íbúum berast. Að öllu jöfnu hefur sá verktaki sem sinnir verkinu brugðist hratt við slíkum ábendingum.

Í febrúar tekur við nýr samningur við verktaka og verða gerðar breytingar á grenndargámakerfinu til samræmis við lið 7 hér að framan. Breytingar verða gerðar í Reykjavík í mars nk. Verða þá allir grenndargámar á höfuðborgarsvæðinu útbúnir skynjurum sem nema hvort þeir séu fullir og losun tekur mið af því. Með tilkomu þeirra verður hægt að leggja féviti á verktaka sem ekki sinnir losun samkvæmt þeim mælingum sem skynjararnir veita.

Umhirða í kringum grenndarstöðvar og frágangur þeirra er á ábyrgð hvers sveitarfélags fyrir sig. Hjá Reykjavíkurborg er starfandi sérstakur vinnuflokkur sem sinnir umhirðu í kringum stöðvarnar. Fór hann að jafnaði jafnaði tvisvar í viku á allar grenndarstöðvar í borgarlandinu í sumar og hreinsaði upp rusl sem hafði verið skilið eftir við stöðvarnar. Þar að auki voru tveir vinnuflokkar sem nær eingöngu að sinntu hreinsun í kringum þær og fjarlægðu stærri og grófari úrgang sem skilinn hafði verið eftir. Umgengni í kringum grenndarstöðvar hefur því miður versnað á liðnum árum en ætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hreinsunar við grenndarstöðvar á árinu 2021 nam tæpum 52 milljónum króna



9. *Hvernig verður úrval flokka og umfang (stærð og fjöldi) gáma á grenndarstöðvum ákvarðað? Hefur sér í lagi verið ákveðið að tryggja að koma fyrir fleiri gámaflokkum (t.d. fyrir gleri og málma)?*

Svar: Í nýju grenndargámakerfi sbr. lið 7 hér að framan verða flokkarnir gler, málmur, textíll og skilagjaldsumbúðir á öllum grenndarstöðvum. Auk þess verða gámar fyrir pappír og plast á völdum stöðvum fyrir tilfallandi umframmagn sem ekki rúmast í sorpílátum við heimili.

Stæðir gáma ráðast af umfangi viðkomandi úrgangsflokks. Til að halda ásýnd og umfangi grenndarstöðva í ákveðnum skorðum hefur verið fylgt því verklagi að stækka gáma og auka losunartíðni í stað þess að fjölga gámum á grenndarstöðvum. Losunartíðni gáma í Reykjavík er því frá 2 mánaða fresti upp í 4x í viku háð úrgangsflokki og grenndastöð.

10. *Hvernig er tæmingu djúpgáma á grenndarstöðvum háttáð? Er það borgin sem tæmir þá eða er því útvistað?*

Svar: Sami verktaki sinnir losun djúpgáma á grenndarstöðvum og öðrum gámum.

11. *Útlit og umgjörð grenndarstöðva virðist hafa umtalsverð áhrif á umgengni við þær. Hvaða viðmið eru um uppsetningu og ásigkomulag grenndargámastöðva? Sér í lagi um pláss milli gáma, hvort gámar þurfi að vera snyrtilega upp raðað, og hvort grenndargámarnir og lóðin sem þeir sitji á sé hrein.*

Svar: Reynt er eftir fremsta megni að tryggja að umhverfi grenndarstöðva sé snyrtilegt, að gámum sé raðað (frá vinstri í röðinni pappír, plast, gler og málmar) og að gámarnir séu aðgengilegir bæði að framan og aftan (t.a.m. með bili á milli þeirra). Árlega er tilteknum fjármunum varið við endurgerð grenndarstöðva, t.a.m. uppsetningu skjólveggja og uppsetningu djúpgáma. Skrifstofa umhverfisgæða forgangsraðar framkvæmdum og ákveður varanlega staðsetningu stöðvanna.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar reynir að fylgjast með að gámum sé snyrtilega raðað á grenndarstöðvum að lokinni losun, veggjakroti á gámum og öðru sem snýr að umhirðu sjálfra ílátanna. Í þeim tilfellum er ábendingum komið áleiðis til verktaka eftir því sem við á. Líkt og áður var nefnt er sérstakur vinnuflokkur sem sinnir umhirðu í kringum grenndarstöðvarnar og heimsækir hann allar grenndarstöðvarnar reglulega.

12. *Engin grenndarstöð er á Seltjarnarnesi eftir að þeirri sem var við Eiðistorg var lokað vegna slæmrar umgengni, en ætla má að þetta kann að auka álag á grenndargámana í Vesturbænum. Hefur Reykjavíkurborg átt í einhverju samtali við Seltjarnarnes um grenndargámastöðvar á Seltjarnarnesi eða þátttöku í rekstri stöðvanna í Vesturbænum?*

Svar: Seltjarnarnes er aðili að samræmdu flokkunar og hirðukerfi sem verið er að koma á á höfuðborgarsvæðinu. Grenndarstöðvar verða því með sama hætti á Seltjarnarnesi og í Reykjavík.



13. *Notendur grenndarstöðvanna virðast ekki alltaf upplýstir um hvað eigi heima á þeim og hvernig bera skuli sig að ef gámar eru fullir. Hvaða viðmið eru um leiðbeiningar eða upplýsingamiðlun um reglur við notkun grenndarstöðva?*

Svar: Ekki eru til viðmið um leiðbeiningar eða upplýsingamiðlun á grenndarstöðvum og er sú miðlun á forræði hvers sveitarfélags fyrir sig í samstarfi við Sorpu. Gámar eru merktir samræmdum flokkunarkerkjum sem flestum eiga að vera ljóst hvað tákna. Við endurgerð grenndarstöðva eru sett upp upplýsingaskilti um hvaða úrgangsflokkum er tekið við á viðkomandi grenndarstöð. Auk íslensku eru upplýsingar á skiltinu á ensku og pólsku.

14. *Hvaða svið eða deild/-ir sér/sjá um grenndarstöðvarnar, skipuleggja framkvæmdir og viðhald tengt þeim, og sér/sjá um að tryggja að gámarnir séu að uppfylla markmiðin sem liggja að grundvelli þeirra?*

Svar: Rekstur, umhirða og framkvæmdir í kringum grenndarstöðvar er samstafsverkefni nokkurra aðila.

- Losun á grenndargámum og samskipti við verktaka er í verkahring Sorpu sem annast þau verkefni fyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
- Hvert sveitarfélag annast síðan nærumhverfi stöðvanna. Hjá Reykjavíkurborg sinnir skrifstofa borgarlandsins á Umhverfis- og skipulagssviði – hverfastöðvar, umhirðu í kringum stöðvarnar.
- Skrifstofa umhverfisgæða á Umhverfis- og skipulagssviði hefur umsjón með rekstri grenndarstöðva hjá Reykjavíkurborg og samskiptum við Sorpu.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðmundur B. Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða